



SKOÐUN Guðmundur Andri skrifar um faraó-maura sem éta sig inn í innviðina. **13**



TÍMAMÓT Hestamenn á Húsavík fagna 50 ára afmæli Grana **16**



MENNING Því er spáð að farsinn Beint í æð muni slá í gegn. **20**



SPORT Heimsklassaíþrótt aðstaða er ónotuð í marga klukkutíma á dag. **26**

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

24 TÍMA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
3. nóvember 2014
258. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Gestir troða minjar

Minjavörður vill láta loka Spönginni tímabundið vegna fornra töfta sem ógnað er af átroðningi ferðamanna. **2**

Kynnt eftir viku Skuldaleiðrétting ríkisstjórnarinnar verður kunngerð á mánudaginn í næstu viku. **2**

Rektor MR óttast að yfir 100 störf tapist Framhaldsskólarnir gætu þurft að fækka stöðugildum um meira en 100 ef fjárlagafrumvarpið verður samþykkt. **4**

Trúa enn á metanið Samdráttur í sölu metanbíla. Framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins bindur vonir við að sala á bíflunum eigi eftir að aukast. **6**

Verkfallið hefur mikil áhrif á kennslu í læknadeildinni

Læknaverkfall hefur áhrif á kennslu við læknadeild Háskóla Íslands. Formaður Félags læknanema vonast þó til þess að það hafi ekki áhrif á námsönnina í heild. Verkfallið heldur áfram í vikunni, meðal annars á geðsviði.

MENNTAMÁL Verkfall lækna hefur veruleg áhrif á læknanema við Háskóla Íslands, segir Ragnhildur Hauksdóttir, formaður félags læknanema og fimmta árs nemi í læknisfræði. Klínísk kennsla í hverri grein fellur niður þegar viðkomandi deild er í verkfalli. Verkfallið heldur áfram í vikunni og mun meðal annars ná til bráðamóttöku, endurhæfingardeildar, öldrunardeilda og geðsviðs. „Þetta hefur mismikil áhrif á mismunandi kúrsa,“ segir Ragnhildur. Hún segir að það séu nemendur á fjórða, fimmta og sjötta ári sem eru í klínískri kennslu. „Bekk-

urinn minn skiptist í fjóra hópa og einn hópurinn átti að vera í prófi fyrir viku, þegar barnadeildin var í verkfalli,“ segir Ragnhildur. Hópurinn hafi ekki haft hugmynd um hvort af prófinu yrði eða ekki fyrr en daginn sem prófið sjálft átti að fara fram. Að lokum varð raunin sú að prófinu var frestað um rúma viku vegna verkfalls barnalækna. „Það eru læknar sem eru að prófa og þeir eru að prófa á vinnutíma sínum,“ segir Ragnhildur. Hún tekur einnig verkfall svæfingarlækna sem dæmi, en sumir nemendur hafi misst um það bil 40 prósent af tíma sínum í þeirri kennslu vegna verkfallsins.

Þá segir Ragnhildur að nemandur á fjórða ári fari á nánast allar deildir spítalans og séu viku á hverri deild. „Og þegar maður fer að missa heilu dagana, þá erum við farin að missa af ansi miklu efni,“ segir Ragnhildur. Læknanemar séu skyldaðir til að taka ólaunaðar nemavaktir. „Við megum ekki taka vaktir þessa daga og þurfum þess vegna að taka þær seinna,“ segir hún. Kennslan á þessum dögum falli hins vegar niður og nemendur missi af henni. Ragnhildur segist vonast til þess að verkfallið hafi ekki veru-

leg áhrif á þessa önn. „Það er enginn að fara að fresta útskrift held ég, en þetta hefur áhrif. Það er alveg klárt mál,“ segir hún. Ragnhildur segir að nemandur hafi vissulega hagsmuni af því að verkfallið dragist ekki á langinn. Engu að síður styðji þeir lækna í þeirra kjarabaráttu. „Eins og til dæmis að verðandi læknakandidatar, sem útskrifast í vor, hafa sagt að þeir muni ekki ráða sig á kandidatsárið næsta vor nema að samningur hafi náðst,“ segir Ragnhildur.



RAGNHILDUR HAUKSÓTTIR

-jhh



Bolungarvík	0°	NNA 8
Akureyri	1°	NNA 6
Egilsstaðir	1°	NNA 9
Kirkjubæjarkl.	2°	NNA 7
Reykjavík	2°	NNA 5

Bjart með köflum sunnan- og vestanlands en lífilsháttar el norðaustan til. Hvasst með SA-ströndinni en dregur úr vindi á landinu síðdegis og frystir. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



ÖRTRÖÐ Á BANGSASPÍTALA Það var ekkert verkfall á Bangsaspítalanum í gær. Þvert á móti var örtröð umhyggju-samra bangsaegenda sem leituðu hjálpar. Sölmundur, sem flestir þekkja úr myndinni Skrímsli hf., fékk hjartaómskoðun og naut mikils stuðnings unga herraþingmannsins sem fylgdi honum á spítalann.

Tískubloggarar afar mikilvægir

VIÐSKIPTI Íslenska barnafatamerkið Ígló&Indí hefur vakið mikla athygli undanfarið hjá erlendum tískubloggurum. Guðrún Tinna Ólafsdóttir framkvæmdastjóri segir markaðssetningu á samfélagsmiðlum hafa skilað góðum árangri. „Samfélagsmiðlar eru gríðarlega sterkir erlendis, hjá verzlunum og viðskiptavinum, sérstaklega eins og Pinterest, Instagram og Twitter og svo auðvitað bloggararnir. Það skiptir okkur gríðarlega miklu máli að vinna vel með þeim,“ segir Tinna, en þær hafa verið í samstarfi við marga af stærstu bloggurunum í heiminum í dag.



GUÐRÚN TINNA ÓLAFSDÓTTIR

-asi

Segja lög um húsmæðraorlof ekki vera í takt við jafnréttissjónarmið: Vilja afnema gömul orlofslög

ALÞINGI „Þetta er náttúrulega bara löggjöf sem er komin vel til ára sinna og er úrelt. Og á þessum tímum þegar við erum að tala um jafnrétti þá þurfum við náttúrulega að átta okkur á því að það þarf að gilda í báðar áttir,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í samtali við Fréttablaðið. Fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram frumvarp á þingi sem myndi fela í sér afnám húsmæðraorlofs á Íslandi. Auk Unnar Brár eru það Pétur Blöndal, Ragnheiður Ríkharrsdóttir og Vilhjálmur Árnason. Lög um orlof húsmæðra á sér langa sögu frá þeim tíma þegar barnaupeldi og heimilisstörf voru

„Á þessum tímum þegar við erum að tala um jafnrétti þá þurfum við náttúrulega að átta okkur á því að það þarf að gilda í báðar áttir.“
Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins
að mestu leyti unnin af konum. Margar konur voru þá heimavinnandi og áttu þannig ekki rétt á orlofi frá vinnuveitendum sínum. Í segir að Alþingi hafi fyrst sett lög um orlof húsmæðra árið 1960 og gildandi lög séu frá árinu 1972. „Lögin eru sett í þeim anda sem ríkti þá og miðast við þjóðfélag þess tíma. Sem betur fer hefur ýmislegt breyst til batnaðar, margt hefur



ALÞINGI Unnur Brá Konráðsdóttir er á meðal flutningsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

NATURA ISLANDICA

Betri heilsa náttúrulega

KLÓPANG HYLKI

KLÓPANG

KLÓPANGSHYLKI

lækka blóðfitu

www.naturaislandica.is

Betri melting!

Probiotic 16 Strain

SWANSON – ánægðustu viðskiptavinirnir í USA árið 2013. Söluáðilar á Íslandi á www.swanson.is

SPURNING DAGSINS



Ragnar, hitti Náttblinda í mark á fótboltavellinum?

Já, ólíkt mér. Enda töpuðum við 13-1

Ragnar Jónsson rithöfundur spilaði í liði enskra glæpasagnahöfunda gegn skoskum. Leikurinn tapaðist, en á vellinum kynntist Ragnar breskum útgefanda og gefur nú út sína fyrstu bók á ensku.

Upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar segir vinnu leiðréttinguna er á lokastigi:

Leiðréttingin kynnt eftir viku

STJÓRN MÁL Skuldaleiðrétting ríkisstjórnarinnar verður kunngjörð á mánudaginn í næstu viku. Umsækjendur um skuldaleiðréttinguna geta kynnt séð niðurstöður hennar daginn eftir. „Vinna við leiðréttinguna er á lokastigi og gengur vel. Það er verið að hnýta síðustu lausu endana. Gert er ráð fyrir að leiðréttingin verði kynnt opinberlega mánudaginn 10. nóvember og síðan birtist hún umsækjendum daginn eftir, þriðjudaginn 11. nóvember. Fólk á þá að

geta séð allar upplýsingar um það hver niðurstaðan er við þeirra umsókn,“ segir Sigurður Már Jónsson, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar. Frestur til þess að sækja um skuldaniðurfellingu rann út 1. september síðastliðinn. Alls bárust 69 þúsund umsóknir um skuldaniðurfellingu og að baki þeim eru um 105 þúsund manns. Gert er ráð fyrir að leiðréttingin muni kosta 80 milljarða sem dreifist á fjögurra ára tímabil. Upphaflega var gert ráð fyrir að niðurstöður skulda-

leiðréttingarinnar lægju fyrir um miðjan október en það frestaðist.

Með skuldaleiðréttingunni verða verðtryggð húsnæðislán færð niður um fjárhæð sem samsvarar verðbótum umfram 4,8% sem féllu til á tímabilinu desember 2007 til ágúst 2010. Þetta samsvarar um 13% leiðréttingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Hámarksfjárhæð niðurfærslu á heimili verður 4 milljónir króna, segir á heimasíðu forsætisráðuneytisins.

-vh



SIGMUNDUR DAVÍÐ Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar ætlar að kynna leiðréttinguna í næstu viku.



GÆTIR ÖRYGGIS Þessi lögreglumaður var á vakt í göngunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Hundruð manna flyktust út á götur borgarinnar Podgorica: Hinsegin ganga í Svartfjallalandi

MONTENEGRO Hundruð manna vorum á götum Podgorica í Svartfjallalandi í gær þegar Hinsegin ganga fór fram. Mikil öryggisgæsla var vegna göngunnar. Þetta er í annað sinn sem slík ganga fer fram í höfuðborg Svartfjallalands. AFP-fréttastofan segir að gangan í gær hafi farið friðsamlega fram.

-jhh

Smitaðist í Síerra Leóne:

Ebólusjúkur í Frakklandi

FRAKKLAND Starfsmaður Sameinuðu þjóðanna, sem sýktist af ebóluveirunni, hefur verið lagður inn á sjúkrahús í Frakklandi. Sjúklingurinn sýktist í Síerra Leóne.

Samkvæmt tilkynningu frá franska heilbrigðiseftirlitinu var starfsmaðurinn fluttur frá Síerra Leóne til Frakklands í sérútbúinni flugvél og er nú í einangrun á hersjúkrahúsinu í Saint-Mandé í París. Þetta er í annað sinn sem sjúkráhusið fær ebólusjúkling til meðferðar.

Um 5.000 manns hafa látist af völdum ebólunnar á undanförunum mánuðum. Samkvæmt tölum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni voru flestir hinna látnu frá Líberíu, Síerra Leóne og Gíneu.

-vh

Festust á ófærum fjallvegi:

Bresk feðgin föst í Kaldadal

BJÖRGUN Björgunarsveitin Ok í Borgarfirði var á laugardag kölluð út til aðstoðar breskum feðginum. Þau sátu föst í bíl sínum á Kaldadal ofan Húsafells. Samkvæmt tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu höfðu þau farið inn á fjallveg sem var merktur ófær hjá Vegagerðinni.

Í viðtali við RÚV segir Þór Þorsteinsson hjá björgunarsveitinni að ekkert hafi amað að feðginum.

Þau hafi verið búin að spóla sig niður en getað haldið bílnum í gangi.

Sagði hann að talsverður snjór hefði verið á þessum slóðum en allt hefði gengið vel og björgunarsveitamenn komnir heim fyrir tíu.

-vh

Gestir troða minjar niður á Þingvöllum

Stálbrú yfir stíg að Peningagjá er möguleg lausn á varðveislu minja um Kóningsveg frá 1907 sem fundust þar á dögunum. Minjavörður Suðurlands vill loka Spönginni tímabundið vegna fornra tófta sem ógnað er af miklum átroðningi ferðamanna.

MENNING „Þetta er eiginlega ekki hægt eins og þetta er,“ segir Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, um ástand fornminja á Þingvöllum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu 25. október síðastliðinn uppgötvuðust steinhleðslur úr svokölluðum Kóningsvegi við lagfæringar á veginum að Peningagjá á Þingvöllum.

Kóningsvegur var lagður á árunum 1906 og 1907 og liggur meðal annars framhjá Laugarvatni og að Geysi. Uggi Ævarsson segir minjar um hann sjást á stöku stað. „En þetta er óðum að hverfa og það er gaman að hafa sýnishorn af honum á Þingvöllum, einmitt á þessum stað,“ segir Uggi og minnir á að til sé ljósmynd sem sýnir Friðrik VIII Danakonung ríðandi í beygjuni við brúna.

Uggi var ásamt landslagsarkitekt og fleirum við Peningagjá á fimmtudag og þar hafi menn komist á rekspól með að finna út úr því hvernig hægt sé að ganga frá veginum þannig að kantsteinarnir séu sýnilegir.

„Hugmyndin er að hafa járnrist eða plötu sem svífur yfir stígnum þannig að hægt verði að sjá kantsteinana til beggja handa. Þá er eins og maður sé að ganga eftir stígnum án þess að raska honum,“ lýsir Uggi mögulegri útfærslu.

„Þetta er vandmeðfarið en það er alveg á hreinu að þessu verður ekki mokað í burtu enda líta þjóðgarðsmenn á þennan fund jákvæðum augum,“ segir Uggi. Í tengslum við fréttir af hleðslunum sé komin fram dagbókarfærsla manns sem vann við



KÓNINGSVEGUR Kantsteinar úr hinum forna Kóningsvegi komu upp úr kaffinu við lagfæringar á stígnum að Peningagjá á Þingvöllum.

MYND/UGGI ÆVARSSON

Kóningsveg á þessum stað haustið 1906. Það varpi skemmtilegu ljósi á söguna.

Uggi undirstrikar að ágangur ferðamanna sé vandamál víða á Þingvöllum og áhyggjuelfni.

„Það er mikill ágangur á Spönginni sjálfri og spurning um að loka þar í einhvern afmarkaðan tíma. Það er þjóðgarðsins að ákveða það en við vildum gjarnan mælast til þess vegna tófta sem eru þar. Tóftirnar eru sokknar og ógreinilegar og fólk gengur yfir þær,“ segir Uggi sem kveður minjavernd á Þingvöllum hafa verið frekar passífa.

„Menn hafa ekki viljað setja upp miklar girðingar og kaðla en hafa frekar reynt að láta stíga stýra umferðinni,“ segir Uggi.

„Tóftirnar eru sokknar og ógreinilegar og fólk gengur yfir þær.“

Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands.

Það hafi ekki haft tilætluð áhrif nema að vissu marki.

„En núna má segja að það sé vakning og við ætlum að taka höndum saman meira; við á Minjastofnun og þjóðgarðurinn,“ segir Uggi. Það sé ekki síst vegna umsóknar um að Þingvellir fari á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna vegna menningarminja frá víkingaöld. „Þannig að við ætlum að gera gangskör í þessum málum á Þingvöllum.“

gar@frettabladid.is

Stjórnendur Landspítala reikna með miklu álagi á bráðamóttöku í Fossvogi:

Áhrif verkfalls aukast í vikunni

HEILBRIGÐISMÁL Verkfall lækna heldur áfram í vikunni en á miðnætti lögðu lækna á aðgerðasviði og flæðissviði Landspítalans niður störf en verkfallið stendur í tvo sólarhringa.

Aðgerðasvið spítalans heldur utan um alla starfsemi sem tengist skurðstofum, speglunarbýonustu og gjörgæslu en undir flæðissvið heyrar meðal annars bráðamóttakan í Fossvogi og öldrunardeildin.

Aðfaranótt miðvikudags leggja lækna á geðsviði og skurðlækningasviði Landspítalans niður störf og stendur verkfallið einnig í tvo sólarhringa. Geðsvið spítalans sinnir meginstarfsemi sérhæfðrar geðheilbrigðisþýonustu á Íslandi en skurðlækningasvið er eitt umfangsmesta svið Landspítalans. Sviðinu tilheyrar níu

sérgreinar skurðlækninga auk svæfinga- og gjörgæslulækninga og Blóðbankinn.

„Við teljum að þetta muni hafa mjög mikil áhrif. Við höfum gríðarlegur áhyggjur af þessari viku sem er framundan. Áhrifin verða á bráðamóttöku, öldrunarþýonustu og skurðaðgerðir,“ segir Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum.

Ólafur segir að reiknað sé með miklu álagi á bráðamóttökunni í Fossvogi. Þannig gætu þeir sem eru með minni háttar áverka þurft að bíða lengi og hugsanlega þurfi að vísa slíkum tilfellum annað. Hann óttast að sjúklingar muni finna meira fyrir áhrifum verkfallsins núna í vikunni en áður.

-gag



HEFUR ÁHYGGJUR Ólafur Baldursson segir að reiknað sé með miklu álagi á bráðamóttöku í Fossvogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

NÝ VEFSÍÐA LYFJAVER.IS

HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

OPÍÐ MÁN-FÖS 8.30-18 og LAU 10-14 APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



61 þáttur af Grey's Anatomy á ABC -
 19 þættir af My So Called Life á ABC -
 18 sinnum sofnað yfir hasarmynd -
 182 þættir með Jimmy Fallon -
 49 rómantískar gamanmyndir -

- 18 hasarmyndir
 - 49 rómantískar gamanmyndir
 - 8 heimilisdarmyndir um þungarokkshljómsveitir
 - 19 þættir af My So Called Life á ABC
 - 169 leitir að fjarstýringunni
 - 39 þættir með David Attenborough
 - 4 þættir af Grey's Anatomy á ABC



Tímaflakk á öllum rásum í Sjónvarpi Símans



Sjónvarp Símans færir þér aðgang að opnu íslensku stöðvunum og sjö erlendum. Tímaflakk er nú í boði fyrir meira en 100 rásir í Sjónvarpi Símans en þá getur þú valið að horfa dagskrána allt að sólarhring aftur í tímann.

Í nýju Heimilispökkunum færðu aðgang að Sjónvarpi Símans

- Ljósnetið - hraðvirkt og öruggt
- ABC Studios - ný efnisveita í anda Netflix
- Heimasíminn - ómissandi heimilistæki
- Sjónvarp Símans - sjónvarpsstöðvar, Tímaflakk og SkjárBíó
- Netvarinn - útilokar óæskilegt efni af netinu
- SkjárKrakkar - talsett barnaefni



Verð án línugjalds

Þú getur meira með Símanum

SVONA ERUM VIÐ



662 íbúar búa á Patreksfirði en íbúarnir voru 627 árið 2011.

Það er fjölgun um tæplega sex prósent.

Heimild: Hagstofa Íslands

Aðskilnaðarsinnar í austanverðri Úkraínu efndu til umdeilda kosninga: Byssumenn fylgdust með öllu

ÚKRAÍNA, AP Vopnaðir menn í herklæðum fylgdust grannt með íbúum í austanverðri Úkraínu, sem komu til þess að greiða atkvæði í gær.

Aðskilnaðarsinnar efndu til kosninganna viku eftir að almennar þingkosningar voru haldnar í Úkraínu. Um það bil helmingur landsvæðis tveggja héraða er á valdi uppreisnarmanna, sem vilja aðskilnað héraðanna frá Úkraínu og helst sameiningu við Rússland.

Hvorki Úkraínustjórn né Vesturlönd almennt hyggjast taka mark á niðurstöðum kosninganna í gær.

Óvíst er um kosningaþátttöku, en um 350 kjörstaðir voru opnir í gær. Um það bil 1,4 milljónir manna eru sagðar hafa kosningarétt.

Þrátt fyrir að leiðtogar uppreisnarmanna hafi í september fallist á vopnahlé, þá geisa enn átök á svæðinu. Nánast daglega kemur til skotbardaga eða annarra átaka.



KOSNINGAR Uppreisnarmenn greiða atkvæði, gráir fyrir járnnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjarninn fær nýja fjárfesta: Hjálmar í stjórn

FJÖLMIDLAR Hjálmar Gíslason leiðir hóp fjárfesta með mikla reynslu af frumkvöðlastarfsemi og uppbyggingu nýrra fyrirtækja sem koma nú inn í eiginðahóp fjölmiðilsins Kjarnans. Hjálmar verður auk þess formaður nýrrar stjórnar Kjarnans.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Kjarnanum. Stofnendur og starfsmenn munu áfram eiga rúman meirihluta í félaginu eða 67 prósent.

Ritstjóri Kjarnans er Þórður Snær Júlíusson.



ÁRÁSIR Tilkynnt var um tvær líkamsárásir aðfaranótt sunnudags.

Sagði dyravörð hafa ýtt sér: Líkamsárásir í miðbænum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningu aðfaranótt sunnudags um líkamsárás á Laugavegi. Tæplega tvítugur piltur gaf sig fram við lögregluþjóna og sagðist hafa fallið í götuna og næstum orðið fyrir bifreið þegar dyravörður ýtti honum. Hann kvartaði yfir eymslum í öxl.

Þá var tæplega þrítugur maður handtekinn á skemmtistað í Austurstræti, eftir að hann sló annan mann í andlitið. Lögreglan segir þann sem varð fyrir árásinni hafa fallið í gólfíð og hruflast nokkuð í andliti. Sá fór sjálfur á slyssadeild, en árásarmaðurinn verður yfirheyrður þegar hann verður í ástandi til þess.

Kiwanismenn í Skagafirði: Safna fyrir speglunartæki

HEILBRIGÐISMÁL Kiwanisklúbburinn Drangey ætla að safna fyrir kaupum á speglunartæki fyrir Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki.

„Klúbburinn hefur ákveðið að fara í fjársöfnun á meðal fyrir-tækja og stofnana í Skagafirði til að kaupa framangreint tæki, sem meðal annars myndi nýtast í átaksvæðingum varðandi skimun fyrir ristilkrabbameini,“ segir í erindi til byggðaráðs Skagafjarðar þar sem óskað er eftir styrk til að kaupa tækið sem kostar um 18 milljónir króna.

Rektor MR óttast að yfir 100 störf tapist

Framhaldsskólarnir gætu samtals þurft að fækka stöðugildum um meira en hundrað ef fjárlagafrumvarpið verður samþykkt. Rektor MR segir útlit fyrir að nýnemum við skólann fækki um 75. Kennarar hafa miklar áhyggjur af stöðu mála.

MENNTUN Fækkun nemenda við menntaskólana gæti leitt til þess að skólarnir þurfi að fækka stöðugildum um meira en hundrað. Þetta segir Yngvi Pétursson, rektor Menntaskólans í Reykjavík (MR), en hann segir útlit fyrir að nýnemum við skólann fækki um 75 næsta ár. Í síðustu viku greindi Fréttablaðið frá því að útlit væri fyrir fækkun um 20 kennara. Yngvi telur að fjöldinn sé mun meiri.

„Það er talað um að fækka þeim nemendum sem ríkið ætlar að borga með á ári um 1.608, frá fjárlögum 2014, sem þýðir að niðurskurðurinn gæti haft áhrif á yfir 100 stöðugildi í framhaldsskólunum,“ segir Yngvi.

Hann bendir á að í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að ársnemendum framhaldsskólanna fækki um 916. Hins vegar fækki þeim samtals um 1.608 frá fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2014.

„Við getum ekki brugðist við þessum breytingum fyrr en á miðju næsta ári. Umræðan hefur nánast einungis snúist um skóla sem þurfa að vísa frá nemendum sem eru 25 ára og eldri. Hins vegar er nemendum að fækka í öllum skólum.“

MR tekur inn um 250 nýnema á hverju ári. Yngvi segir stefna í að skólinn geti einungis tekið inn um 175 nýnema þegar skólaárið 2015/2016 hefst, ef frumvarpið verður að lögum. Skólinn þyrfti þá að leggja niður fjögur stöðugildi.

„Hins vegar vitum við ekki hvernig staðan verður í vor og ég



KENRARAR Félagsmenn í Félagi framhaldsskólakennara eru um 1.750 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vona að frumvarpið taki breytingum á Alþingi.“

Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir félagsmenn hafa miklar áhyggjur af stöðu mála og framtíð skólanna.

„Það segir sig sjálfst að þegar það er svona mikill niðurskurður í fjármagni til skólanna, og þegar þú fækkar nemendum þetta mikið eins og raunin virðist ætla að verða, að það muni hafa í för með sér fækkun í stéttinni,“ segir Guðríður.

„Það hefur verið nokkuð óljóst hvernig standa á að þessum breytingum og ekki einungis vegna þessara áforma um að fækka nemendaígildunum heldur



YNGVI PÉTURSSON

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

líka vegna styttingaráformanna. Um leið og þú fækkar áföngum til stúdentsprófs þá þarftu færri kennara. En ég held enn í vonina um að stjórnvöld veiti áfram svigrúm fyrir þessa fjölbreytni og sveigjanleika sem við höfum verið svo stolt af í framhaldsskólunum.“

haraldur@frettabladid.is



VÍGASVEITIR Liðsmenn Íslamska ríkisins aka um götur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vígasveitir íslamista í Írak: Taka tugi af lífi á hverjum degi

ÍRAK, AP Vígasveitir Íslamska ríkisins stilltu að minnsta kosti 50 manns upp úti á götu í gær í þorpinu Ras al Maá og skutu svo allan hópinn til bana. Svipað athæfi hafa þeir sýnt undanfarna daga víðar í Írak, og hafa nú að minnsta kosti 150 manns verið tekin af lífi á götum úti. Flestir hinna myrtu tilheyrðu sama þjóðflokki súnní-múslima, Al Bu Nimr, og virðist sem vígasveitirnar telji sér stafa sérstök ógn af þessum hópi. Á föstudaginn myrtu vígasveitirnar 50 manns af sama þjóðflokki, en daginn áður voru 48 manns myrtir.

Embættismaður gripinn: Var með fjóra milljarða heima

KÍNA Kínverskur embættismaður, Wei Pengyan, geymdi jafnvirði fjögurra milljarða króna í reidufé á heimili sínu. Þetta uppgötvaðist í maí síðastliðnum, en kínversk stjórnvöld hafa nú staðfest þetta.

Wei var aðstoðaryfirmaður kolamálaeildar kínversku orkustofnunarinnar. Rannsókn á fjármálum hófst í vor þegar grunur vaknaði um að hann hefði þegið mútur í stórum stíl. Sextán talningarvélur voru notaðar til að telja féð, og biluðu fjórar þeirra. Kínversk stjórnvöld eru í mikilli herferð gegn spillingu og hafa meira en 13 þúsund embættismenn verið sakfelldir fyrir spillingu og mútupægni á fyrstu níu mánuðum þessa árs.

Mannvirðing

Síðmennt styður opið, víðsýnt og fjölbreytt samfélag

kynntu þér málið!

www.sidmennt.is

Veðurspá

Alicante 24°	Friedrichshafen 16°	New York 14°
Apelna 16°	Gautaborg 13°	Orlando 22°
Basel 14°	Kaupmannahöfn 13°	Ósló 12°
Berlín 17°	Las Palmas 28°	París 16°
Billund 13°	London 12°	San Francisco 18°
Frankfurt 15°	Mallorca 23°	Stokkhólmur 12°

Á MORGUN Hæg breytileg átt. Snjókoma eða slydda SV-lands um kvöldið.

MÍÐVIKUDAGUR Vaxandi vindur sunnanlands.

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jon@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

VIÐ LEITUM EFTIR VÍSINDAMÖNNUM



RÁÐIÐ Í 50 FYRSTU STÖRFIN

Við erum að leita að hæfileikaríku, metnaðarfullu og skemmtilegu fólki með raunvísindabakgrunn til að hjálpa okkur að byggja upp alþjóðlegt lyfjafyrirtæki. Fyrirtæki sem verður í fremstu röð á sínu sviði. Á næstu árum verða til um 200 ný störf hjá Alvotech og ráðið verður í 50 fyrstu störfin á næstu mánuðum til að leggja grunn að framsæknu fyrirtæki í hjarta borgarinnar.

NÝTT HÁTÆKNISSETUR OPNAR ÁRIÐ 2016

Hátækni-setur systurfyrirtækjanna Alvogen og Alvotech rís nú innan Vísindagarða Háskóla Íslands og verður tekið í notkun í ársbyrjun 2016. Markmið okkar er að þróa hágæða lyf sem munu auka lífsgæði og aðgengi fólks að líftæknilyfjum um allan heim.



200
NÝ STÖRF



13
ÞÚSUND
FERMETRA HÚS



75
MILLJARDA
FJÁRFESTING



6
LYF Í
PRÓUN



Kíktu á vefinn okkar: storf.alvotech.is og þar leynist hugsanlega draumastarfið þitt.

VEISTU SVARID?



1. Hversu mikið greiða slitabú gömlu bankanna í opinber gjöld?
2. Hvenær var Barnahús stofnað?
3. Hvenær er gert ráð fyrir að boðað verkfall hefjist hjá starfsmönnum Kópavogsbæjar?

SVÖR

1. 35 milljarða króna. 2. Fyrsta nóvember 1998. 3. Tíunda nóvember.

Landhelgisgæslan lét ekki tollafgreiða byssurnar eftir hefðbundnum leiðum:

Vissu ekki um innfluttar byssur

LÖGREGLUMÁL Tollgæslan vissi ekki af innflutningi Landhelgisgæslunnar á byssunum frá Noregi fyrr en málið komst í fjölmiðla.

Byssurnar voru vegna þessa innsiglaðar af Tollinum í síðustu viku. Það er því ljóst að Landhelgisgæslan, sem fer með lög-gæsluhlutverk, hafði ekki fyrir því að flytja vopnin inn eftir lögformlegum leiðum með tilheyrandi tollafgreiðslu.

Við tollafgreiðslu skiptir máli hvort vopnin voru gjöf eða hvort

þau voru keypt. Ef Gæslan hefði lagt fram fylgiskjöl frá norska hernum sem staðfestu að um vinnargjöf væri að ræða frá norska ríkinu til þess íslenska hefðu öll aðflutningsgjöld á vopnin fallið niður en samkvæmt c-lið 8. greinar tollalaga eru undanþegnar slíkum gjöldum „gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki“.

- hmp



INNSIGLAÐAR Byssurnar voru innsiglaðar í síðustu viku.

Verðlaun afhent á Hilton: ÍMARK veitir árleg verðlaun

VIÐSKIPTI Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, mun veita markaðsverðlaun ÍMARK 2014 á Hotel Hilton á fimmtudaginn næstkomandi.

Bæði markaðsmaður og markaðsfyrirtæki verða verðlaunuð. Fimm fyrirtæki eru tilnefnd sem Markaðsfyrirtæki ársins.

Verðlaunin Markaðsmaður ársins verða svo afhent einstaklingi fyrir framúrskarandi árangur í markaðsstarfi. - jh

BAR

STÓLADAGAR

FULL BÚÐ AF NÝJUM OG FALLEGUM BARSTÓLUM



AÐEINS
9.990
KRÓNUR!

AROS BARSTÓLL
4 litir. Stálfætur.
Fullt verð 12.990



MATHILDE BARSTÓLL
Svart, rautt og hvítt leður.
TILBOÐSVERÐ:
19.990 KR.
Fullt verð 27.990

DALLAS BARSTÓLL
Svart, hvítt og brúnt leður.
TILBOÐSVERÐ:
17.990 KR.
Fullt verð 23.990

PLUMP BARSTÓLL
Svart, hvítt, fjólublátt og silfurlitt leður.
TILBOÐSVERÐ:
13.990 KR.
Fullt verð 19.990

Trúa enn á metanið þrátt fyrir mikið hrun

Alls hafa 34 nýskráðir metanbílar farið á götuna á árinu sem er samdráttur um 82% frá 2012. Metanafgreiðslustöðvum hefur fjölgað á tímabilinu. Framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins bindur vonir við að sala á bílunum eigi eftir að aukast.

VERSLUN Nýskráningar metanbíla drögust saman um 82 prósent á fyrstu tíu mánuðum ársins samanborið við sama tíma árið 2012. Bifreiðum sem hefur verið breytt í metanbíla, og voru nýskráðar á þessu ári, fækkaði sömuleiðis en úr 175 í sex.

Þetta kemur fram í tölum sem Samgöngustofa tók saman fyrir Fréttablaðið. Samkvæmt þeim hafa alls 34 nýskráðir metanbílar farið á götuna á árinu en á fyrstu tíu mánuðum 2012 voru þeir 184. Vinsældir bílanna halda því áfram að minnka en töluverður samdráttur var einnig í nýskráningum í fyrra miðað við árin á undan.

„Við höfum í fyrsta lagi rakið samdráttinn til þess að metanbílum fjölgaði hér gríðarlega hratt á sama tíma og eldsneytið var einungis selt á einum útsölu-stað. Síðan fór hér í gang ákveðið gullgrafaraæði þegar bílum sem voru ekki hannaðir til að brenna metani var breytt í metanbíla. Þá komu upp ýmis vandamál og fúsk sem komu órödi á bílana að ósekju,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins.

Olúfélögin Skeljungur, Olís og N1 hafa nú öll opnað metanafgreiðslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og einnig var opnuð stöð á Akureyri í byrjun september.

„Það er búið að bæta úr þessu og því bind ég vonir við að sala á metanbílum aukist aftur og að við nýtum áfram þetta eldsneyti sem við eigum hér bundið í öskuhaugum landsins í stað þess að sleppa því út í andrúmsloftið,“ segir Özur.


Sigurður Ástgeirsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Vélamiðstöðvarinnar, sem hefur breytt bílum í metanbíla frá árinu 2006, tekur undir með Özuri um að aðgengi að metani hafi sett strik í reikninginn.

„Hins vegar er ég ekki sam-mála því að ýmsum vandamálum í tengslum við breytingar á bílum




NÝOPNUÐ Norðurorka á Akureyri og Olís opnuðu í september metanafgreiðslustöð sem getur séð 600 fólksbílum á ári fyrir eldsneyti. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Fjöldi nýskráðra metanbíla



Fjöldi breyttra ökutækja (metan)



Heimild: Samgöngustofa. Fyrstu tíu mánuði ársins.

sé hér um að kenna. Það komu upp hin og þessi breytingarverk-stæði en þau voru öll undir eftirliti Umferðarstofu og það var mikil vinna lögð í úttektir á þessum bílum,“ segir Sigurður.

„Menn gengu einfaldlega á vegg því metanið var mjög ódýrt eftir hrun, í samanburði við bensín, og

þess vegna fjölgaði metanbílum mjög hratt á sama tíma og dælu-num fjölgaði ekki. Við byrjuðum því kannski öll á vitlausum enda en nú er nýtt upphaf og ég held að það sé nú komið að bílaumboð-unum að svara kalli þeirra fyrir-tækja sem hafa fjárfest í þessu.“

haraldur@frettabladid.is

Legsteinum sparkað um koll og krossar skekktir. Lögregla leitar sökudólganna:

Skemmdarverk í kirkjugarði

LÖGREGLUMÁL Skemmdarverk voru unnin í kirkjugarði Akureyjakirkju í Vestur-Landeyjum aðfaranótt sunnudags.

Kirkjan er rúmlega hundr- að ára gömul sveitakirkja sem stendur nálægt félagsheimilinu Njálshúsi en þar var haldið sveita-ball á föstudagskvöld.

Ballið var á vegum einkaaðila og grunur leikur á að það hafi verið einhverjir gestir af ballinu

sem frömdu skemmdarverkin.

Í samtali við visir.is segist kirkjuvörðurinn vera miður sín yfir og varla eiga orð til að lýsa hneykslun sinni.

Legsteinum voru sparkað um koll, krossar skekktir, lýsing við kirkjuna skemmd og ljóskastari brotinn.

Lögreglan á Hvolsvelli hefur beðið alla þá sem kunna að hafa vitneskju um hver eða hverjir



SKEMMDARVERKIN Eins og sjá má á myndunum var aðkoman eftir skemmdarvargana skelfileg.

voru að verki í kirkjugarðinum að koma upplýsingum til sín í síma 488-4110. -vh



HÚSGAGNAHÖLLIN

– Reykjavík – Akureyri –

EITT SÍMANÚMÉR 558 1100

VERTU Í GÓÐU VEGASAMBANDI Í VETUR



Ný löggjöf um mynsturskýpt
hjólbarða tekur gildi 1. nóv. 2014.
Frá þeim tíma þurfa hjólbarðar bifreiða að
hafa að **lágmarki 3 mm mynsturskýpt**
yfir vetrartímann (1. nóv. til 14. apr.)

TILBOÐ Á VETRARDEKKJUM TIL VIÐSKIPTAVINA Í STOFNI

Viðskiptavinir Sjóvár í Stofni fá vönduð vetrardekk á sérkjörum hjá
völdum dekkjaverkstæðum. Nýttu þér vetrardekkjatilboðið og keyrðu
öruggari í vetur.

Nánari upplýsingar í næsta útibúi Sjóvár og á sjova.is

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

STOFN

Ég nota SagaPro

Hjálmar Sveinsson, verkefnastjóri
„Nú vakna ég úthvöldur“



Sama góða varan í nýjum umbúðum



SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

Greiningadeild Arion segir að óvissan á vinnumarkaði hindri vaxtalækkun: Búast við óbreyttum vöxtum

EFNAHAGSMÁL Bæði Hagdeild Landsbankans og Greiningadeild Arion banka telja víst að peningastefnunefnd kjósi að halda vöxtum sínum óbreyttum. Næsta stýrivaxtahækkun verður á miðvikudaginn.

Greiningadeild Arion bendir á að verðbólga sé lág um þessar mundir og vel undir verðbólguþá Seðlabankans í síðustu Peningamálum, gengið sé stöðugt og einnig vísbendingar um að hægja kunni á einkaneyslu á seinni helmingi ársins.

„Aftur á móti eru kjarasamning-

ar lausir á næstunni og háar launakröfur í kortunum, auk þess sem líkur á launaskriði á almennum vinnumarkaði fara vaxandi. Það eru því hverfandi líkur á því að peningastefnunefnd komi á óvart með lækkun stýrivaxta í ljósi óvissunnar á vinnumarkaði. Við gerum ráð fyrir að Seðlabankinn muni hækka stýrivexti á seinni hluta næsta árs en það veltur að miklu leyti á niðurstöðum kjarasamninga framundan,“ segir Greiningadeildin.

- jhh



SEÐLABANKASTJÓRAR Már Guðmundsson og Arnór Sighvatsson gera grein fyrir peningastefnunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skynjar mikinn áhuga á eignum ÍLS

Íbúðalánasjóður setti á dögunum 400 íbúðir í sölu, sem ætlaðar eru til útleigu. Tveir af þremur stærstu lífeyrissjóðunum hafa ekki sýnt eignunum áhuga. Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs segir þó marga hafa sýnt eignunum áhuga.

VIÐSKIPTI Forsvarsmenn tveggja af þremur stærstu lífeyrissjóðunum hafa ekki velt fyrir sér kaupum á þeim eignasöfnum sem Íbúðalánasjóður hefur boðið til sölu. Formlegt söluférlí var hafið þann 17. október, en áður hafði Íbúðalánasjóður boðað til fundar þar sem eignirnar voru kynntar. Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboði rennur út 6. nóvember.

Eignirnar eru samtals um 400 talsins og eru staðsettar víða á landinu. Flestar eignirnar eru í Reykjanesbæ, eða um 151 talsins.

Næstflestar eru í Fjarðabyggð eða 71 og svo á Fljótshéraði.

„EKKI ennþá,“ segir Þórhallur Jósefsson, upplýsingafulltrúi Lífeyrissjóðs verslunarmanna, aðspurður hvort sjóðurinn hafi skoðað kaup á þessum eignum. Ekkert liggir þó fyrir um það hvað sjóðurinn muni gera á næstunni. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur lífeyrissjóðurinn Gildi ekki heldur sýnt eignunum áhuga enn sem komið er. Ekki náðist í Hauk Hafsteinsson, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, við vinnslu fréttarinnar.

Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir þó að viðbrögð við þessum auglýstu eignum hafi farið langt fram úr vonum Íbúðalánasjóðs. Hann bendir á að margir hafi sótt kynningarfundinn og margir sótt gögn sem Íbúðalánasjóður útbjó um eignirnar. Hann bendir jafnframt á að söluférlíð muni standa yfir allt fram í janúar.

„Það er allavega töluverður áhugi,“ segir Sigurður. Þetta séu aðallega eignasterkari aðilar, sjóðir og aðilar tengdir sjóðum en líka



ESKIVELLIR Hluti af þeim eignum sem Íbúðalánasjóður er með til sölu er við Eskivelli í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eignir í sölu

Sveitarfélag	Fjöldi íbúða	Hlutfall af heild
Reykjavík	19	4,80%
Hafnarfjörður	34	8,50%
Akureyri	11	2,80%
Reykjanesbær	151	37,80%
Selfoss	7	1,80%
Akranes	30	7,50%
Fjarðabyggð	71	17,80%
Borgarbyggð	8	2%
Fljótshéraði	43	10,80%
Norðurþing	3	0,80%
Grindavík	2	0,50%
Hveragerði	6	1,50%
Porlákshöfn	7	1,80%
Vogar	8	2%

félög sem reki leigufélög. „Þetta er breiður hópur samt sem áður,“ segir hann. Sigurður segist ekki hafa kannað hvaða eignir fái mestu athyglina. „Þó maður hallist að því að þetta sé svona meira Reykjavík og önnur nærliggjandi sveitarfélög,“ segir Sigurður.

Umræddar eignir eru boðnar til sölu í sjö eignasöfnum. Í lýsingu á eignunum segir að við val í hvert

eignasafn hafi verið horft til þess að eignirnar henti til útleigu og valdar hafi verið íbúðir í kjörnum sem voru í útleigu.

Það sé forsenda sölunnar að íbúðirnar verði seldar aðilum sem munu eiga þær áfram til útleigu. Þannig verður sérstaklega lítið til þess við val á kaupendum, hverjar fyrirætl-anir þeirra séu.

jonhakon@frettabladid.is

Vilhjálmur telur að afnám gjaldeyrishafta myndi ekki hafa mikil áhrif: Segir gjaldeyrishöftin mistök

EFNAHAGSMÁL Vilhjálmur Egilsson, hagfræðingur og rektor Háskólans á Bifröst, segir að staða lífeyrissjóðanna og margra annarra væri mun betri í dag hefðu gjaldeyrishöftin ekki verið sett á og að þau hafi verið mikil mistök. Verði þeim aflétt í dag muni fátt breytast. Verði höftin þó á mikið lengur verði kostnaðurinn jafn mikill á endanum og vegna efnahagshrunsins. Þetta kom fram í viðtali við Vilhjálm í Sprengisandi á Bylgjunni í gær.

Vilhjálmur sagði að án haftanna væri hér mun meiri hagvöxtur en raunin er og sprotafyrirtækin

færu ekki úr landi. Nefndi hann til að mynda kostnaðinn við að halda kerfi gjaldeyrishaftanna við. Hann segir að stjórnvöld hefðu átt að leyfa krónunni að falla nægilega mikið svo það kæmi að ákveðnum náttúrulegum botni. Þá segir hann að mögulegt hefði verið að kaupa upp eignir eins og ríkisskuldabréf fyrir tiltölulega litla peninga. Hann nefndi einnig kostnaðinn við að halda kerfi gjaldeyrishafta við og sagði kostnaðinn vera orðinn þann sama og kostnaðinn við hrúnið. „Ef það yrði sagt á morgun að höftin væru farin, ég er viss um að það myndi mjög lítið gerast.“ - skó



VILHJÁLMMUR EGILSSON Telur að staða lífeyrissjóða væri betri ef gjaldeyrishöft hefðu ekki verið sett á.



Dalshraun 3

Skrifstofurými tilbúin til innréttinga

Falleg 450-1.150 m² skrifstofurými til leigu á fyrstu og annarri hæð. Rýmin eru tilbúin til innréttinga og verða endurnýjuð í samráði við nýja leigutaka. Reitir koma að fjármögnun breytinganna. Næg bílastæði eru við húsið auk aðgangsstýrðs bílakjallara.



Klettagarðar 6

Stórt atvinnuhúsnæði

Um er að ræða 2.819 m² atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi. Góð aðkoma er að húsinu, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Í rýminu eru tveir rúmgóðir salir með innkeyrsluhurðum, fallett skrifstofurými á efri hæð, eldhús, snyrting og sturtuástaða.



Laugavegur 182

Skrifstofuhæð á besta stað

Reitir bjóða til leigu glæsilega skrifstofuhæð í hinu reisulega „Kauphallarhúsi“. Húsnæðið er 733 m² á þriðju hæð með fallegu útsýni. Hæðin verður endurnýjuð í samráði við nýja leigutaka. Næg bílastæði eru við húsið og möguleiki á stæðum í lokaðri bílageymslu.



Höfðabakki 9

Skrifstofuhæð með útsýni

Endurnýjuð rúmlega 900 m² skrifstofuhæð með frábæru útsýni. Á hæðinni eru skrifstofur og opin rými ásamt eldhúsum og snyrtingum. Mögulegt er að leigja hálfu hæðina. Höfðabakki 9 er rekinn með vistvænum hætti og mun húsvörður taka þar til starfa á næstu dögum.

TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá **Halldóri Jenssýni** sölustjóra í **840 2100** eða halldor@reitir.is.

Kringlan 4–12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Aðgerðarleysi yrði dýrkeyptara

Mannkynið verður að hætta að nota jarðefnaeldsneyti fyrir næstu aldamót, segir loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna í nýjustu skýrslu sinni um hlýnun jarðar. Þúsundir vísindamanna hafa unnið að skýrslunni og eru þeir á einu máli um nauðsyn þess að grípa til aðgerða.

LOFTSLAGSMÁL Mannkynið þarf að draga hratt úr notkun jarðefnaeldsneytis og hætta henni með öllu fyrir næstu aldamót, eigi að takast að snúa við þeirri hlýnun andrúmsloftsins sem nú stefnir í ófni.

Um þetta eru þúsundir vísindamanna, sem standa að nýjustu skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, sammála. Þess í stað þurfa að koma endurnýjanlegir orkugjafar.

„Vísindin hafa talað,“ sagði Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, þegar skýrslan var kynnt á blaðamannafundi í Kaupmannahöfn í gær. „Það er ekkert óljóst í boðskap þeirra. Leiðtogarnir verða að hefjast handa. Tíminn er ekki með okkur.“

Hann segir það godsögn eina, að aðgerðir gegn hlýnun muni verða mannkyninu dýrkeyptar. „Aðgerðarleysi myndi kosta meira,“ sagði hann.

Þúsundir vísindamanna um heim allan hafa unnið árum saman að gerð skýrslunnar. Endanlegar niðurstöður hafa auk þess verið unnar í samvinnu við stjórnvöld allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Harðar samningaviðræður hafa staðið yfir undanfarna viku um endanlegt orðalag.

Fátt er þó nýtt að finna í skýrslunni, enda er hún samantekt þriggja fyrri skýrslna loftslagsnefndarinnar sem birtar voru



ÚTBLÁSTUR Gróðurhúsalofttegundir streyma út í andrúmsloftið í meira mæli en nokkru sinni fyrr, þrátt fyrir áratuga langar umræður um að draga þurfi úr útblæstri-
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

síðastliðinn vetur. Þrátt fyrir þá dökku mynd, sem dregin er upp af hlýnun jarðar, gætir töluverðrar bjartsýni í skýrslunni á möguleika mannsins til að snúa við þróuninni.

„Allt sem við þurfum er viljinn til að breyta, og við treystum því að þekking og skilningur á vísindum loftslagsbreytinga örvi þann vilja,“ sagði Rajendra Pachauri, formaður nefndarinnar.

Til þess þarf hins vegar viðtækar aðgerðir og markvissa samvinnu, sem alls óvíst er hvort verði að veruleika í raun.

gudsteinn@frettabladid.is



SKÝRSLAN KYNNT Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, ásamt Rajendra K. Pachauri, formanni milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skýrslur loftslagsnefndarinnar

Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál var stofnuð árið 1988. Hún hefur nú fimm sinnum sent frá sér stórar áfangaskýrslur um loftslagsbreytingar af mannavöldum, þar sem dregnar eru saman nýjustu niðurstöður allra helstu vísindarannsóknna um efnið.

Hver skýrsla hefur yfirleitt verið í fjórum hlutum, þannig að fyrsti hlutinn fjallar um loftslagsbreytingarnar sjálfar, annar hlutinn um áhrif þeirra á mannlífið, en sá þriðji um leiðir til þess að vinna gegn þeim. Fjórdi hlutinn er svo samantekt á hinum þremur, og það er þessi fjórði hluti fimmtu áfangaskýrslunnar sem kynntur var í Kaupmannahöfn í gær. Alls liggja 30 þúsund loftslagsrannsóknir vísindamanna um heim allan að baki þessari nýjustu skýrslu nefndarinnar. Allt ber þar að sama brunni því 95 prósent þessara rannsókna sýna fram á að megnið af þeirri hlýnun jarðar, sem orðið hefur síðan um miðja síðustu öld, er af manna völdum.

→ Úr niðurstöðum nefndarinnar

Áhrif manna á loftslagskerfið eru skýr, og nýlegur útblástur gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum er sá mesti í sögunni. Loftslagsbreytingar undanfarið hafa haft víðtæk áhrif á mannlíf og náttúru.

Á undanförunum þremur áratugum hafa hlýndi á yfirborði jarðar verið meiri en á öðrum áratugum frá árinu 1850. Tímabilið frá 1983 til 2012 var mjög líklega hlýjasta 30 ára tímabil síðustu 800 ára á norðurhveli jarðar, þar sem slíkt mat er mögulegt (mikið öryggi) og líklega hlýjasta 30 ára tímabil síðustu 1.400 ára (með meðal-öryggi).

GRUNNT Á ÞVÍ GÓÐA?



Dekkin eru einn mikilvægasti öryggisþáttur bílanna okkar, sér í lagi í vetrarakstri. Frá 1. nóvember gerir löggjafinn auknar kröfur um mynsturdýpt þeirra. Eftir það þurfa hjólbarðar bifreiða að hafa að lágmarki 3,0 mm mynsturdýpt yfir vetrartímann.

Markmið breytinganna er að auka öryggi þitt og þinna í umferðinni. Þetta snýst nefnilega um svo miklu meira en bílinn.



Til að einfalda þér að ganga úr skugga um að dekkinn þín uppfylli þessar nýju kröfur bjóðum við þér að nálgast þar til gerða lykklakippu á næstu skoðunarstöð okkar án endurgjalds á meðan birgðir endast.

Við tökum vel á móti þér.

Aðalskoðun

www.adal.is Ópið kl. 8 – 17 virka daga



MENACHEM OG ARI ZIVOTFSKY Pilturinn ásamt föður sínum fyrir utan hæstarétt Bandaríkjanna árið 2011.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur Bandaríkjanna ræðir stöðu Jerúsalem: Tólf ára ágreiningur þingsins og forsetans

BANDARÍKIN, AP Foreldrar tólf ára drengs, sem heitir Menachem Zivotofsky, hafa allt frá fæðingu hans barist fyrir því að bandarísk stjórnvöld skrái hann fæddan í Ísrael.

Strákurinn er fæddur í Jerúsalem, en Bandaríkjastjórn hefur til þessa fylgt þeirri afstöðu, og styðst þar við alþjóðalög, að Jerúsalemborg tilheyri ekki ísraelska ríkinu, hvað þá að hún sé höfuðborg þess.

Foreldrar pilsins, sem sjálf eru fædd í Bandaríkjunum, vísa hins vegar til þess að árið 2002 samþykkti Bandaríkjaþing að taka ætti undir þá afstöðu ísraelskra stjórnvalda, að Jerúsalem væri höfuðborg ríkisins.

George W. Bush, þáverandi forseti Bandaríkjanna, staðfesti á sínum tíma lög þess efnis en tók við það tækifæri jafnframt fram að stefnu Bandaríkjanna gagnvart stöðu Jerúsalemborgar yrði ekki breytt.

Barack Obama hefur fylgt sömu stefnu og ekki viljað líta svo á að Jerúsalem sé höfuðborg Ísraels.

Mál drengsins hefur verið að flækjast fyrir bandarískum dómstólum í nærri tólf ár, og er nú í annað sinn að koma fyrir hæstarétt. Í fyrri sinni vísaði dómstóllinn málinu frá með þeim rökum að dómstólinn ætti ekki að taka afstöðu í þessari deilu milli þingsins og forsetans.

RISA TAX FREE VÍKA 3.-10. NÓVEMBER!

TAX FREE



TAX FREE

Allar þvottavélar,
þurrkarar og
uppvottavélar frá*

Electrolux AEG
ZANUSSI exquisit
SIEMENS



TAX FREE

Öll smátæki frá*

Electrolux cloer
DOMO TRISTAR PRINCESS
BRAUN BOSCH

TAX FREE

Allir ofnar, helluborð,
eldavélar, viftur og
örbylgjuofnar frá *

Electrolux AEG
ZANUSSI exquisit
SIEMENS



Öll kæli- og frystitæki frá*

Electrolux AEG
ZANUSSI exquisit
DAEWOO

TAX FREE



TAX FREE

*Við afnemum virðisaukaskatt af nær öllum vörum í eina viku, svo að þú getur sparað umtalsverðar upphæðir. Gildir ekki um vörur á tilboði. Rafha stendur að sjálfsögðu skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Rafha og jafngildir 20,32% afsl. Allar nánari upplýsingar á www.rafha.is.

Rafha ehf

Opið
virka daga 9-18
laugardag 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Jón Gnarr ræður miklu um aðra frambjóðendur:

Má forsetinn vera með sixpensara?

Sumt fólk skilur ekki Jón Gnarr. Sumt fólk taldi og kannski telur hann enn óhæfan í há embætti. Sumt fólk amast við honum og finnur það honum meðal annars til foráttu að hann er ekki sérlega klár í gerð ársreikninga. Og jafnvel þá staðreynd að hann viðurkenni þegar hann veit ekki. Það er fátítt í íslenskum stjórnmálum.

Þau okkar sem hlusta á Jón Gnarr og lesa það sem hann segir sjá stjórnmálamanninn Jón Gnarr. Í helgarblaði Fréttablaðsins var viðtal við Jón, af því tilefni að langflestir sem tóku afstöðu til þess hvaða manneskju þeir vilja sjá næst í embætti forseta Íslands nefndu Jón langtum oftast en alla aðra hugsanlega kandiðata. Jón Gnarr er pólitískur maður og enginn eftirbátur núverandi

forseta eða annars áberandi fólks í samfélaginu. Í viðtalinu sagði Jón þetta meðal annars: „Það vantar sannarlega fleiri til að tala máli friðar og mannréttinda á heimsvísu. Í átökum er alltaf um tvennt að velja; að slást eða tala saman. Að tala saman tekur oft lengri tíma og það þarf að kunna það, að slást er oft fljótvirkara og virðist árangursríkara en það er svo mikil skammtímalausn og mun dýrara til lengri tíma litið. Við erum enn að reyna að leysa eitthvað sem átti að leysa með vopnavaldi fyrir hundrað árum og víða er það orðið óleysanlegt. Þannig að jú, vissulega væri fulltrúi Íslands verðugur í því að tala fyrir friði og friðsamlegum lausnum. Við erum friðsamt land og eigum mikla friðarsögu.“

Í þessum orðum er mikill boðskapur og pólitísk. Þeir kjósendur sem eru sömu skoðunar og Jón Gnarr hljóta að leggja fast að honum að hann gefi kost á sér. Vert er að hafa í huga að þetta er fyrsta könnunin sem gerð er um frambjóðendur í forsetakönnunum sem verða vorið 2016. Skekkjumörk eru mikil en staða Jóns er mjög eftirtektarverð.

Andstæðingar Jóns sem borgarstjóra fundu honum helst til foráttu að sinna ekki embættinu á sama hátt og þeir sem á undan fóru. Munurinn á honum og mörgum forverum hans er sá að hann steig upp úr stólnum sem sigurvegari.

Hinu má ekki gleyma að Jón er ólíkindatól. Hér er sýnishorn úr viðtalinu við Fréttablaðið: „Ég hef ekki hugsað um þetta af neinni alvöru eða rætt málin við fjölskylduna eða mína nánustu. Þegar ég er spurður hvort ég útiloki ekki framboð vefst mér tunga um tönn. Fólk gæti alveg eins spurt hvort ég útiloki að verða kafari. Ég hef aldrei kafað og aldrei spáð sérstaklega í því en ég útiloka það alls ekki að verða kafari,“ segir Jón og hlær. „Ég veit nefnilega í rauninni ekki hvað starfið felur í sér eða hvað það gengur út á fyrir utan að mæta á frumsýningar og hlusta á skólakóra úti á landi.“

Næstu mánuði munu koma fram margar skoðanir á forsetaembættinu og tilvonandi frambjóðendum. Hvaða áferð á að vera á embættinu? Má breyta frá stífaðri hvítri skyrtu yfir í fyrrverandi pönkara með sixpensara?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Næsta bylgja sjónvarpa er komin

innovation + you



Philips Ambilight sjónvarp með Android stýrirkerfinu

PHILIPS

Heimilistæki ht.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT

með Android

AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK

FRÁ DEGI TIL DAGS

Stjórnlagaráðið að meika það
Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann í Bifröst, sagði í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær að víða væri horft til Íslands vegna stjórnlagaþingsins sem við hældum og sagði það vera fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir. Eiríkur sagði að stjórnlagaráð hefði gert mistök með því að hafa ekki samráð við Alþingi þegar það skrifaði drög að nýrri stjórnarskrá. Hann lagði til í þættinum að slembivalið borgarþing, með styrki aðstoð sérfræðinga, byggði á þeirri vinnu sem hefði verið unnin, í samstarfi við þingmenn, og kæmist að niðurstöðu í stjórnarskrármálinu svokallaða og þannig mætti finna farsæla lausn.

Góðra vina fundur

Svavar Gestsson og Vilhjálmur Egilsson hittust í Sprengisandi í gær. Af því tilefni skrifaði Vilhjálmur á Facebook: „Sit hér í augnablikinu á Sólvallagötunni í framlangdum morgunverði. Við Pála komum snemma til Reykjavíkur í morgun, ég til að mæta á Sprengisand hjá Sigurjóni Egils og Pála til að mæta í messu í Landakoti. Það er alltaf gaman að vera hjá Sigurjóni og ekki síst þegar gamall og góður félagi úr þinginu, Svavar Gestsson, er með í hópnum. Ýmis mál dekkju. Ýmist sammála eða ósammála. En alltaf allt í góðu.“

Aukin vandræði

